

REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð nr. 327/1986 um breytingu á reglugerð
nr. 578/1982 um námslán og námsstyrki.**

1. gr.

Við 2. gr. bætist ný málsgrein sem orðast svo:

Auk þeirra hækkana sem um getur í 21. gr. staflað a) hækki framfærslugrunnurinn um 7,5% 1. mars 1989.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlist þegar gildi.

Menntamálaráðuneytið, 25. febrúar 1989.

Svavar Gestsson.

Stefán Stefánsson.

REGLUGERÐ

**um breyting á reglugerð nr. 151/1986, um launaskatt,
með síðari breytingum.**

1. gr.

2. mgr. 13. gr. reglugerðarinnar sbr. 3. gr. reglugerðar nr. 137/1988, orðist svo:

Þeim gjaldendum sem eigi greiða hærri laun að meðaltali til annarra á mánuði en 115.500 kr. á uppgjörstímabilinu er þó heimilt að skila greinargerð ásamt greiðslu á gjalddaga þess uppgjörstímabils þegar samanlögð greidd vinnulaun ná 1.155.000 kr. en eftir það á hverjum gjalddaga vegna þess árs. Ef greidd vinnulaun til annarra ná eigi 1.155.000 kr. á árinu er gjaldanda heimilt að skila greinargerð ásamt greiðslu einu sinni á ári eins og um uppgjör fyrir mánuðina nóvember og desember væri að ræða.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 12. gr. laga nr. 14/1965, um launaskatt, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi og tekur hún til launa vegna starfa sem unnin eru frá 1. janúar 1989.

Fjármálaráðuneytið, 16. febrúar 1989.

F. h. r.
Lárus Ögmundsson.

Snorri Olsen.